

# 3

## Ferðalagið til Lundar

### Til Keflavíkur

**Af spítalanum:** Ef barnið fer beint af Barnaspítala Hringins er það yfirleitt flutt í **sjúkrabíl** ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi. Nýfædd börn eru oft í hitakassa, sem síðan er komið fyrir í flugvélinni. *Aðstandendur fara ekki með í sjúkrabílnum* heldur alltaf á eigin vegum.

**Lagt í hann að heiman:** Ef barnið kemur hins vegar að heiman fara **aðstandendur sjálfir** með það til Keflavíkur.



### Flugið

#### Hvar sitjum við?

Ef líkur eru á að barnið þurfi súrefnisgjöf á leiðinni er ferðast á **viðskiptafarrými** enda betra að hafa gott svigrúm. Þá kemur læknir með. Athugið að þótt farið sé á viðskiptafarrými út, gæti verið flogið á almennu farrými heim.

#### Barn *yngra* en 2 ára:

Ef ferðast þarf á **viðskiptafarrými** (sjá hér að ofan) fær barnið eigið sæti. Hægt er að hafa bílstól meðferðis og láta hann vera í sætinu en halda þarf á barninu í flugtaki og landingu.

En á **almennu farrými**, ferðast barnið eins og önnur ungabörn og hefur því ekki eigið sæti.

**Barn 2 ára eða eldra** fær alltaf eigið sæti.

#### Hvað eigum við að hafa með í flugið?

**Mikilvægt** er að muna eftir *vegabréfi*, *lyffjum* og *barnamat*.

**Gott** getur verið að taka með *afþreyingu* fyrir barnið, t.d. bækur, leikföng, tónlist, tölvu. Þá getur verið notalegt að hafa lítið *teppi* eða sæng og uppáhaldsbangsa.

*Nánar er fjallað um flugundirbúninginn í bæklingi 1, Undirbúningur utanfarar.*

### Í Lundi: Frá flugvellinum á spítalann

Ef barnið hefur farið með **sjúkrabíl** til Keflavíkur, taka sjúkraflutningamenn á móti því á Kastrup flugvelli og barnið (og læknir og hjúkrunarfræðingur) fer með **sjúkrabíl** til Lundar.

**Foreldrarnir fara með leigubíl** sem tekur á móti þeim á flugvellinum. Ef barnið hefur farið með foreldrunum til Keflavíkur fer það sennilegast með þeim í leigubílnum til Lundar.

*Nánar er fjallað um leigubílinn í bæklingi 4, Leigubíllinn og gott að sýna eða afhenda bílstjóranum sænsku útgáfuna af honum.*